

Fulltrúaráðsfundur 30. apríl 2014 kl 19.30

Mættir voru 22 fulltrúar frá eftirfarandi deildum: Unglingadeild, Cavalierdeild, Smáhundadeild, DÍF, Fjár og Hjarðhundadeild, Shih Tzudeild, St.Bernardsdeild, Retrieverdeild, Papillon og Phalénédeild, Síberían Huskydeild, Schaferdeild, Írsk setterdeild, Grefil og sporhundadeild, Tíbet spanieldeild ásamt fulltrúum frá Stjórn HRFÍ.

Fréttir/tilkynningar frá skrifstofu HRFÍ

Hundaræktafélagið hefur gert samning við Breska kennelklúbbinn og núna er ein sýning á ári Crufts qualification sýning, sem þýðir að bestu ungliðar og bestu hundar tegundar (BOB og BOS) í hverri tegund megi keppa á Crufts. Sýningastjórn ákvað í framhaldinu að það muni verða ágúst/september sýning félagsins. Þetta hefur kannski ekki mikil áhrif á okkur á svona lokuðu landi, en getur mögulega auðveldað okkur að fá lánshunda og eins er gaman að segja frá því á heimasíðum og slíku og vonandi í framtíðinni með opnun landsins getum við nýtt okkur þetta betur.

Við erum að setja í loftið nýja heimasíðu, sambærilega við síður sem bæði Breski og Sænski klúbburinn eru með og sjálfsagt fleiri klúbbar og eru hugsaðar til að auðvelda fólki að finna sér hreinræktaðan hund. Síðan er í raun tilbúin, en við erum ennþá að safna efni inná hana og vonumst til að geta komið henni í loftið fljótlega eftir aðalfund. Hugmyndin er sú að HRFÍ ræktendur borga 1500 kr fyrir að við setjum gotið þeirra þarna inn og það er inni til 3.mánaða aldurs. Innifalið í því eru 5 myndir og allar upplýsingar um foreldra og ræktenda, gjaldið er aðeins hugsað til að standa undir vinnu skrifstofu. Ræktendur geta svo ef þeir kjósa keypt sér lengri tíma, keypt sem dæmi birtingu á 3 liða eða 4 liða ættbók, skipt út myndum og framvegis. Á síðunni verða greinar um umhirðu hvolpa, listar yfir skóla og allskyns upplýsingar sem er gott fyrir nýja hundaeigendur að hafa á einum stað sem og lýsing á fyrir hvað félagið stendur. Mun ég í framhaldinu kanna hvort okkar stæðstu styrktaraðilar og/eða aðrir séu ekki tilbúnir að kaupa auglýsingar á vefnum og mun sá peningur geta nýst okkur í að fara í auglýsingaherferð til að kynna vefin fyrir væntanlegum hvolpakaupendum. Gotin sem verða auglýs þarna þurfa að hafa uppfyllt allar þær heilsufarskröfur sem HRFÍ gerir á viðkomandi tegund ásamt almennum kröfum HRFÍ. Við erum ennþá að leita af góðu léni fyrir síðuna, www.hvolpur.is er laust og er efst á lista, en við erum opin fyrir öllum hugmyndum.

Það er búið að taka endanlega ákvörðun um staðsetningu á tvöföldu sumarsýningu félagsins. En við munum verða með 9-10 hringi úti á tjaldsvæðinu í Viðidal. Dómari ásamt starfsfólki munu þó verða í skjóli og mun SS útvega okkur tjöld. Kamrar og rafmagn verður á svæðinu, þannig að félagsmenn utan af landi geta komið með tjöld eða vagna og gist á staðnum yfir helgina. Þar sem það þótti óþarfa álag á hundana að vera með keppni ungra sýnenda á föstudegi, var ákveðið að hafa hana á fimmtudeginum í staðinn og mun hún trúlega verða á Korputorgi.

Skrifstofa gerði á dögnum samning við Borgun um nýjan greiðslumöguleika sem kallast staðgreiðslulán. Núna geta félagsmenn deilt stærri upphæðum á allt að þrjá mánuði. Vonumst við með þessi að við getum komið á móts við ræktendur sem þurfa að skrá stór got en eru kannski ekki búnir að fá greitt sem og þá aðila sem skrá mjög marga hunda á sýningar, augnskoðanir og fleira. Hægt er að dreifa öllum upphæðum hærrí en 20.000.- lánið ber 3, 5% lántökugjald, plús almenna vexti. Kostnaður eða hagnaður félagsins af þessu er enginn, við fáum greitt strax frá Borgun og er þetta bara gert til að reyna að koma á móts við félagsmenn.

Eins langar okkur á skrifstofu á að minna deildirnar á að vera dugleg að kynna ræktunarreglur fyrir félagsmönnum, okkur og siðanefnd finnst vera aukning í að félagsmenn séu að brjóta af sér og oft vegna vanþekkingar á reglunum. Og það er ekki víst að fólk átti sig á því að við þriðja brot er úrsögn úr félaginu og því miður er nýlega búið að útiloka félagsmenn frá starfi félagsins tímabundið og fleiri slík mál er á borði siðanefndar.

Kynning á nýjum grundvallarreglum HRFÍ

Eftir fulltrúaráðsfund 31. október 2012 kom breytingartillaga frá Vilhjálmi Ólafssyni á á grundvallarreglum HRFÍ vegna meiðandi netskrifa.

Stjórnarsamþykkt 21. nóvember 2012:

Núgildandi grundvallarreglur HRFÍ tóku gildi 1. janúar 2008. Eru þær byggðar á grundvallarreglum SKK. Núverandi grundvallarreglur SKK gilda frá 1. janúar 2009.

Samþykkt var á stjórnarfund 21. nóvember 2012 að endurskoða grundvallarreglur HRFÍ í heild sinni m.a. með tilliti til breytinga hjá SKK.

Leitað var álits Ingibjargar Björnsdóttur hdl. varðandi skoðunar- og tjáningarfrelsi vegna breytingar á gr.1.2

Leitað var álits FCI, Astrid Indrebø varðandi gr.2.4

Leitað var álits Vísindanefndar HRFÍ á gr.2.4 og 2.7

Kynning á vinnu stefnumótunarteymis

Guðmundur A Guðmundsson kynnti vinnu stefnumótunarteymis. Sjá meðfylgjandi [pdf skjal](#)

Ný dýraverndarlög og reglugerð

Frumvarp til laga um velferð dýra – sent á stjórn 6. nóvember 2012. Stjórnarmenn lásu yfir. Fyrri stjórn HRFÍ var búin að senda tillögur um lagfæringar. Stjórnarmenn voru ekki með neinar athugasemdir við frumvarpið. Lög in tóku gildi 1. janúar 2014.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skipaði 13. maí 2013 sjö starfshópa sem falið var að gera tillögur að reglugerðum. HRFÍ átti fulltrúa, Guðmund A. Guðmundsson, í starfshópi um velferð gæludýra, sem hefur skilað tillögum til ráðuneytisins. HRFÍ fékk tillögurnar til umsagnar í lok janúar 2014.

Um síðustu áramót fluttist eftirlit með lögum um dýravernd og stjórnsýsla vegna þeirra laga frá Umhverfisstofnun til Matvælastofnunar. Hægt er að nálgast nýju login á vefsíðu MAST.

Um leið og ný reglugerð verður tekin í notkun verður kynningarfundur fyrir félagsmenn HRFÍ.

Kynningarfundir fyrir nýjar stjórnir ræktunardeilda

Stjórn HRFÍ hefur ákveðið að efna til kynningarfunda fyrir stjórnir ræktunardeilda m.a. til að kynna lög félagsins og starfsreglurræktunardeilda. Það er ekki sjálfgefið að nýir félagsmenn í ræktunarstjórnnum fái nægilega kynningu til að geta sinnt trúnaðarstarfi sínu til samræmis við lög og reglur félagsins. Með þessu framtaki ættu þeir að vera betur í stakk búnir að takast á við hin ýmsu verkefni á vegum deildanna.

Önnur mál

NKU BSI-group

Komið er endanleg útgáfa á Breed Specific Instructions (BSI)

Bæklingurinn verður á vefsíðu HRFÍ til skoðunar og/eða útprentunar.

Hann verður jafnframt sendur öllum dómurum sem dæma á sýningum okkar. Eins og við vitum þá hafa dómarar sterk áhrif á ræktunarstefnu hverju sinni og því mikilvægt að þeir séu meðvitað að taka á ýktu útliti, sem leiðir oft til ýmissa heilsukvilla.

Nokkur umræða myndaðist um einangrunarmál, styttingu einangrunar og nauðsyn þess að hundaræktafélagið vinni að því að fá einangrun stytta. Bent er á að skoða hvernig Nýja Sjáland eða Ástralía gerðu þetta, en einangrun hefur styst heilmikið hjá þeim.

Umræða um framtíð Sáms, hvort möguleiki sé að gefa aðeins út eitt blað á ári og jafnvel fara í samstarf með td Fréttablaðið um hálfsmánaðar eða mánaðarlega fréttir í blaðið um hunda og hundamálefni. Jóna formaður ætlar að kanna hjá Fréttablaðinu hvort það sé einhver áhugi fyrir hendi hjá þeim.

Fundi slitið kl.21.00